

24. Reglugerð um lyfjapróf og met

1. gr. - Lyfjapróf til staðfestingar Íslandsmeta

Til staðfestingar Íslandsmeta fullorðinna skal íþróttamaðurinn undirgangast lyfjapróf í samræmi við reglur Alþjóðafriðfrjálssíþróttasambandsins (World Athletics). Innan við tveir sólarhringar skulu líða frá því að met er sett, þar til viðkomandi íþróttamaður undirgengst prófið.

Það er á ábyrgð viðkomandi íþróttamanns, eða íþróttamanna ef um boðhlaup er að ræða, og félags viðkomandi, að próf sé tekið sem og að tilkynning um met sé rétt skráð til FRÍ.

Ef um mót á vegum FRÍ er að ræða þá er ábyrgðin FRÍ, sem stendur auk þess straum að kostnaði vegna lyfjaprófa.

2. gr. - Keppisgreinar með kröfu um lyfjapróf

Þær keppisgreinar sem gerð er krafa um lyfjapróf á eru þær sömu og World Athletics miðar við um staðfestingu heimsmeta, skv. 261. og 263 gr. keppisreglna World Athletics.

Ef um met í boðhlaupi er að ræða skal a.m.k. einn keppandi úr sveitinni undirgangast prófið. Val skal vera tilviljunarkennt og skal lyfjaeftirlitsaðili viðkomandi móts bera ábyrgð á valinu.

3. gr. - Undantekningar frá lyfjaprófum

FRÍ er heimilt að undanskilja einstaklinga sem hafa sett met frá lyfjaprófi, ef innan við vika er liðin frá því að viðkomandi íþróttamaður fór síðast í viðurkennt lyfjapróf.

4. gr. - Lyfjapróf

FRÍ skal tilkynna árlega til World Athletics um fjölda lyfjaprófa sem tekin eru á íslensku frjálssíþróttafólki. Eins skal FRÍ tilkynna til World Athletics ef um jákvæð próf er að ræða.

FRÍ skuldbindur sig til að leyfa Lyfjaeftirliti Íslands, World Athletics og European Athletics að framkvæma lyfjapróf utan keppni á einstaklingum innan vébanda þess, sem og á mótum á vegum þess. Ennfremur skuldbindur FRÍ sig til að kynna lyfjareglur World Athletics fyrir keppendum á alþjóðlegum frjálssíþróttamótum og að þeir undirriti samþykki sitt fyrir alþjóðlegum reglum sem gilda.

Keppendur á alþjóðlegum mótum, sem hafa sótt um og fengið undanþágu frá reglum um lyfjanotkun vegna lyfjagjafar (TUE), verða einnig sækja um undanþágu World Athletics.

FRÍ skal að öðru leyti fara að reglum World Athletics um lyfjamál og gefa World Athletics skýrslu árlega um fjölda prófa utan keppni.

5. gr.

FRÍ skal vinna í samvinnu við World Athletics, European Athletics, ÍSÍ og Lyfjaeftirlit Íslands eftir því sem við á, að kynningu á reglum WADA, World Athletics, ÍSÍ og Lyfjaeftirlits Íslands um lyfjamál og afleiðingum brota.

Saga

1. Flutt úr Sérkeppisreglum FRÍ og samþykkt á Frjálssíþróttapingi 2010.
2. Lítillega uppfært af stjórn FRÍ 2023 nú vísað til Lyfjaeftirlits Íslands.